

BLÁÐ-ÍÐ

1.tlb 4. árg.

des. 1982

HDJURJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

VELA STÓLAR



Model S

Óteljandi samsetningar-
möguleikar með VELA
stólum

ROPOX BORD



Athugið að Ropox framleiðir
margvísleg hjálparteki fyrir
fatlaða. Fráber hönnun og
vönduð smíði

Seljum og útvegum hjálparteki af mörgum gerðum víða
að úr heiminum. Erum að byrja með margar nýjar vörutegundir
fyrir fatlaða.

EFNISYFIRLIT:

15. Fulltrúaðing Heimssambands Iðjubjálfa	bls. 2
Fundur formanna norrænu Iðjubjálfafélaganna	" 2
Ráðstefna: "Síðasti áfanginn gerum hann bestan"	" 3
Ráðstefna: Vinnuvernd	" 3
Alþjóðleg ráðstefna iðjubjálfa WFOT.....	" 4
Fréttir frá vinnustöðunum	" 5
Opið bréf frá Siggu Lofts	" 7
Hjálpartækjabankinn	" 8
Félagsstarfsemin	" 9
Lausar stöður	" 10
Tilkynningar til félagsmanna	" 11
Heimilisfangalisti	" 12

Ritnefnd: Hope Knútsson
Katría Kristvinsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir

Iðjubjálfafélag Íslands
Pósthólf 72
101 Reykjavík.

15. fulltrúaþing Heimssambands Iðjubjálfa.

Formaður I.Í. sótti 15. fulltrúaþing Heimssambands Iðjubjálfa (World Federation of Occupational Therapists Council Meeting) í Amsterdam, sem haldið var 7. - 11. júní 1982.

Heilbrigðisráðuneytið veitti I.Í. kr. 4.000.- í styrk til farar fulltrúa okkar til þingsins.

Þetta voru mjög strangir og hefðbundnir 5 dagar. Fundirnir stóðu frá kl. 9 f.h. til kl. 17 og stundum til kl. 21 eða jafnvel til miðnættis.

Um það bil 75 mál voru á dagskrá og tekin fyrir í allsherjarþingi. Auk þess komu saman fastskipaðar nefndir sem eru 8 og unnu mörg verkefni. Nefndirnar í WFOT eru: "Executive, Congress, Education, Professional Practice, Legislation, International Relations, Library og Publications."

Tvö eintök af fundargerðum, sem eru 250 blaðsíðna langar, eru hjá formanni fyrir þá sem áhuga hafa á að fletta upp nánari upplýsingum um einstök mál.

Ísland er mjög virkur aðili í WFOT, þó erum við ennþá bara hálf-gildur meðlimur. Formaður I.Í, sem er fulltrúi Íslands í WFOT, situr í "International Relations" nefnd og er fréttastjóri fyrir WFOT "Bulletin", sem er gefið út tvisvar á ári.

Ísland hefur verið að reyna í nokkur ár að breyta lögum WFOT í sambandi við skilyrði um fullgilda meðlimi, sem kæmi öllum smærri ríkjum til góða. Hin Norðurlöndin hafa stutt okkur með ráðum og dáð og baráttunni verður haldið áfram þar til sigur vinnst.

Næsta fulltrúaðing verður haldið í ágúst 1984 á Nýja-Sjálandi.

Hope Knútsson.

Fundur formanna norrænu Iðjubjálfafélaganna.

Þann 21. og 22. september var haldinn í Kaupmannahöfn formanna-fundur norrænna iðjubjálfa. Formaður I.Í sótti þennan gagnlega fund þar sem 16 mál voru á dagskrá, þar af 5 frá Íslandi.

Noregur, Danmörk og Svíþjóð hafa haft slíka fundi í nokkur ár, en þetta var í fyrsta skipti, sem Íslandi og Finnlandi var boðin þáttaka.

Fundirnir voru haldnir í nýju glæsilegu húsnæði danska Iðjubjálfa-félagsins, sem það á ásamt ýmsum öðrum heilbrigðisstéttum.

Aðalmálið, sem tekið var fyrir var hvernig ætti að efla meira samstarf á milli félaga okkar. Ákveðið var að formenn kæmu saman árlega til þess. Auk þess voru skipulagðir aðrir sameiginlegir fundir.

Samþykkt var að halda á 4 ára fresti "Nordisk Forsknings Seminar" sem áður hét "Stort Nordisk Seminar". Á tveggja ára fresti verður haldin "Nordisk Konference for Organisation og Uddannelse" (áður "Lille Seminar eins og haldið var á Íslandi í maí 1981).

Á "Nordisk Forsknings Seminar" eru allir meðlimir norrænu Iðjubjálfafélaganna velkomnir, (fyrirlestrar vinnuhópar o.fl.).

Á "Nordisk Konference" koma bara formenn, ritstjórar tímaritanna og skólastjórnarnir frá Norðurlöndunum.

Tímaáætlun næstu 4 árin verður þannig:

- 1983 -"Nordisk Konference for Organisation og Uddannelse"
í Finnlandi (maí).
- 1984 -"Nordisk Forsknings Seminar" og "Formandsmøde"
í Svíþjóð.
(WFOT fulltrúaðing á Nýja-Sjálandi í ágúst)
- 1985 -"Nordisk Konference for Organisation og Uddannelse"
í Noregi.
- 1986 -"Formandsmøde" á Íslandi í apríl (?)
(WFOT fulltrúaðing og ráðstefna á Indlandi)

Reynt verður að haga því þannig að formenn komi saman á undan fulltrúaðingi WFOT á þeim árum sem það verður haldið, til þess að mynda samræmdari norræna stefnu innan Heimssambandsins.

- Önnur mál sem rædd voru: 1)framhaldsmenntun;ýmsir möguleikar,
2) vandamál í sambandi við menntað aðstoðarfólk,
3) einkastofur og laun fyrir iðjuþjálfabjónustu utan stofnanna,
4) tímarit félaganna og hvernig útgáfustarfsemin er uppbyggð,
5) almennur samamburður um launamál iðjuþjálfara,
6) samamburður á aðstæðum félaganna t.d.: skrifstofur, laun formanns, ritstjóra, ritara og annars starfsfólks.

Ýtarleg fundargerð (á dönsku) verður sett í félagsmöppu hjá ritara fyrir þá sem áhuga hafa.

Danska Iðjuþjálfafélagið bauð fundargestum til stórkostlegs kvöldverðar á háklassa veitingahúsi, sem er í klaustri frá 15. öld.

Hope Knútsson.

Ráðstefna:"Síðasti áfanginn, þerum hann bestan".

Félag heilsugæsluhjúkrunarfræðinga gekkst fyrir þessari ráðstefnu 23.okt. 82 að Hótel Loftleiðum.

Framsöguerindi fluttu: stjórnmálamaður, prestur, sálfræðingur, félagsfræðingur, læknir, hjúkrunarfræðingur, næringafræðingur, sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari, arkitekt, skólustjóri námsflokkananna og fulltrúi hinna öldruðu.

Ráðstefnuna sóttu um 200 manns (heilsugæsluhjúkrunarforstjórar, aðilar frá vinnuveitendasamböndum o.fl.) víðs vegar að að landinu. Ég flutti erindi fyrir hönd Iðjuþjálfafélagsins. Fjallaði ég aðallega um fyrirbyggjandi aðgerðir í heimahúsum og á vinnu- markaðinum, eins hvar starfsvettvangur okkar gæti verið í þessu sambandi.

Björk Pálsdóttir.

Ráðstefna: Vinnuvernd.

Ráðstefnan var haldin að Hótel Loftleiðum 11. og 12. nóv.82 af hálfu Vinnueftirlits Ríkisins og aðila vinnumarkaðarins.

Meginviðfangsefni ráðstefnunnar var: Viðfangsefni vinnuverndar, framkvæmd vinnuverndarstarfs og þjóðfélagslegt gildi vinnuverndar.

Margir fluttu framsöguerindi, þá kynntu aðallega fulltrúar Vinnueftirlits Ríkisins starfsemi sína. Liflegar umræður voru á milli erinda, m.a. á skilgreiningu atvinnusjúkdóms.

Einnig var sýning veggspjalda, m.a. frá sjúkraþjálfurum, Pennanum, Öryggisbúnaður frá Dynjanda o.fl.

Það kom fram á ráðstefnunni að gert væri ráð fyrir 1/2 stöðu ergonoms (iðjuþjálfari/sjúkraþjálfari) á næsta ári hjá Vinnueftirliti Ríkisins.

Björk Pálsdóttir.

ALDJOÐLEG RÁÐSTEFNA IÐJUBJÁLFA - WFOT
í HAMBORG 13.-18.júní 1982

Þann 12.júní s.l. hélt ég, ein íslenskra iðjubjálfa, utan til Þýskalands á ráðstefnu um iðjubjálfun í endurhæfingu. Ráðstefnuna sóttu rúmlega 2 þús. iðjubjálfar hvaðanæva að úr heiminum, og var hún haldin í risastóru ráðstefnuhóтели í Hamborg.

Dagskrá hafði verið send út til þátttakenda með góðum fyrirvara, svo hver og einn gæti valið fyrirfram, enda úr óheyranlega miklu að velja. Fyrirlestrar, námstefnur, umræðuhópar, kvikmyndir, sýningar o.fl. - allt upp í 15 misstórir salir í gangi í einu - um hin ýmsu efni innan starfsgreinarinnar alla daga frá kl 8.00-17.00. Á kvöldin voru móttökur, skemmtikvöld, heimsóknir o.s.frv. Matarhléin varð maður svo að nota til að skoða sýningar t.d. hjálpartækja-sýninguna "Aids for the Disabled", þar sem sýnd voru allt frá bifreiðum og flóknum tæknibúnaði til matskeiða. Auk þess voru sýningar á þroskaleikföngum, nýjustu bókum innan fagsins, ýmis félög sýndu sérefni t.d. voru danir með seríu um Ergonomi, lands-sambönd sýndu texta og myndir um þróun/störf iðjubjálfa í eigin landi. Við - þ.e. Iðjubjálfafélag Íslands áttum þarna spjöld, sem vöktu mikla athygli. Fólk var hissa á því, að svo fámennit félag skuli hafa afrekað svona mikið á svo stuttum tíma, og eiga sýningu þarna og að svo fámennit land ætti fulltrúa á ráðstefnunni. Óneitanlega varð maður dálítið stoltur og ekki dró úr ánægjunni, að sjá íslenska fánann blakta við hún fyrir okkur á hverjum degi. -Já okkur, því þarna hitti ég Anne Grethe og Pétur Hauksson strax á fyrsta degi (komu frá Noregi),-mikið var það gaman. Þarna hittum við svo gamla kollega: Hildegard og Margarethe Demleiter, Lene Baden og Hrefnu Óskarsdóttur iðjubjálfanema í Þýskalandi.

Þau efni sem ég sóttist einkum eftir voru: Quadri-og paraplegi, hemiplegi, organísk mental einkenni, Sensory Integration, en öll efni virtust þó spennandi. Það var því oft erfitt að velja á milli spennandi fyrirlestra, sem fóru fram á sama tíma t.d. um skólamál, vísindalegar rannsóknir í iðjubjálfun, vinnuþrófanir, þjálfun, nýjungar í fyrirbyggjandi starfi svo eitthvað sé nefnt. Það bætti þó aðeins, að hægt var að kaupa bækur þar sem í voru flestir fyrirlestrararnir.

Sem sagt, of margt að gerast á sama tíma og prógrammið allt of strangt, þannig að lítill tími gafst til að spjalla við kollega frá öðrum löndum, en slík kynni eru oft ómetanleg. Litill frítími og mikið álag veldur streitu! - Hins vegar var undirbúningur ráðstefnunnar góður. Prógrömm send snemma til þátttakenda og strax við komuna út, fengum við úrdrætti og tilkynningar um breytingar á áætlun. Sárabót að geta keypt fyrirlestra í bókaformi.

Afraksturinn er svo sá, að ýmislegt nýtt bættist í vískusafnið og svo það sem ekki er síður mikilvægt, sönnun þess að þrátt fyrir einangrun hér á Fröni, stöndum við ekki svo illa að vígi á ýmsum sviðum, þótt tæknibúnaður og tækninýjungar mættu vera örari. Á meðan við erum hrædd um að forpokast faglega hér norður í höfum er okkur borgið, því eina ráðið gegn því er að lesa, lesa og fylgjast með í fagritum ýmiss konar, sækja námskeið og-stefnur.

Hvernig væri að við færum fleiri á næstu ráðstefnu WFOT, sem haldin verður í nágrannalöndunum austan-eða vestanhafs. Fleiri þátttakendur héðan gera meira faglegt gagn og víska verður meiri.

Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir

P.S. Næsta alheimsráðstefna verður væntanlega á Indlandi.

FRÉTTIR FRÁ GRENSÁSDEILD:

Björk Pálsdóttir byrjaði 1. apríl, eftir að hafa unnið í Danmörku í ca. 1 1/2 ár. Hún hefur tekið við stöðu deildariðjupjálfa.

Guðrún Árnadóttir er í ársleyfi. Hún er í framhaldsnámi í Kanada. Áætlað er að hún komi í sept. '83.

Valrós Sigurbjörnsdóttir byrjaði 1. sept. eftir að hafa lokið námi í Óðinsveum síðastliðið sumar.

Sigríður Loftsdóttir hatti um miðjan okt., gerðist prestsfrú í Hrisey og iðjupjálfi með starfsvettvang um Eyjafjörð allan! Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir hefur tekið við stöðu Sigríðar sem yfir-iðjupjálfi.

Fréttir um starfsemina eru þar helstar auk venjulegrar þjónustu, að við höldum áfram mati og þjálfun á grunnskólabörnum, sem eiga við námsörðuleika að stríða. Eftir góða reynslu á síðasta ári, var ákveðið að halda áfram þó í litlu mæli sé vegna manneklu, og allt óákveðið um áframhald eftir þennan vetur. Að loknu mati hefur verið haft samband við foreldra og skóla varðandi meðferðaráætlanir og samstarf. Börnin hafa komið úr ýmsum skólum innan og utan höfuðborgarsvæðisins og margir sýnt áhuga á samstarfi m.a. fulltrúi frá sálfræðideild skóla.

FRÉTTIR FRÁ REYKJALUNDI:

Eftir langa bið, þá fluttum við allt okkar hafurtask í júlí á nýju deildina. Hvílíkur stór munur á aðstöðu! Hver og einn starfsmaður hefur sinn eigin bás að sitja við. Þjálfunin fer frám í tveim sölum ásamt minni herbergjum með tilheyrendi tækjum og græm, þó að enn vanti nokkuð upp á. Ekki má gleyma litlu íbúðinni okkar með eld-húsinu þar sem innréttingin fer upp og niður.

Kristjana Fenger kvaddi Reykjalund í lok marz og hóf störf á Geðdeild Lsp 1. apríl. Ingibjörg Pétursdóttir tók við starfi yfir-iðjupjálfa.

Guðrún Emilsdóttir og Katla Kristvinsdóttir eru komnar heim frá Gautaborg og hófu störf á Reykjalundi í sumar.

Guðrún Pálmadóttir iðjupjálfi og Anna Sveinbjörnsdóttir nemi unnu á Reykjalundi í sumar.

FRÉTTIR FRÁ EFINGASTÖÐ LAMADRA OG FATLADRA VIÐ HÁALEITISBRAUT:

Þar hófu störf tveir danskir iðjupjálfar um miðjan sept..

Iðjupjálfunardeildin hefur fluttst í nýtt húsnæði ca. 60m² að stærð. Kristjana og Snæfríður gerðu tillögur um innréttingar og nauðsynlegasta tækjabúnað, sem þar skilaðu af sér ca. mánuði áður en þar dönsku hófu störf. Evi miður hafði óskalistanum ekkert verið sinnt er þar komu, en núna hefur eitthvað fengist.

FRÉTTIR FRÁ NÝJU IÐJUPJÁLFUNARDEILDINI Á GEÐDEILD LANDSPÍTALANS:

Við sem skrifum þennan pistil erum starfandi á geðdeild Lsp. Við erum búnar að vinna mismunandi lengi hér á staðnum, en tæpt ár er síðan deildin opnað og var hún þá tóm. Hún er tengd tveimur geðdeildum, 32C og 33C, með ca. 15 innlagða sjúklinga auk dagdeildarsjúklinga á hvorri deild. Stundum koma sjúklingar áfram til okkar eftir útskrift, ef þörf þykir.

Þetta er stór iðjupjálfunardeild með smábastofu þar sem eru flest handverkfæri, sambyggð vél og fleiri smíðavélar. Aðstaða er fyrir leirvinnslu og leirbrennslu ofn, aðstaða fyrir saumaskap og vefstóla, framköllunarherbergi ásamt myndavél, gott eldhús, myndherbergi, herbergi með hljómflyttningstækjum fyrir dans/músík og látbragðstíma. Hér verður prentverk lsp., sem á að nota sem vinnupjálfun fyrir sjúklingana, þar mun starfa verkstjóri. Ótalðar eru tvær skrifstofur. Sem sagt aðstaðan er mjög góð og gefur hún möguleika á fjölbreyttri starfsemi og meðferð bæði fyrir einstaklinga og hópa.

Í dag erum við með hópa í látbragði, dans/músík, myndtímum, eldun, ýmisskonar framleiðslu t.d. saumaskap og trévinnu. Næst á dagskránni er að fara að nota myndavélina og framköllunarherbergið. Við vorum með myndbandshóp í sumar, því við höfum aðgang að slíkum tækjum hér og notuðum þau með sjúklingum sem voru að útskrifast og gafst þetta mjög vel.

Hér starfa 2 1/2 iðjupjálfi og tveir aðstoðarmenn. Elísabet Vernharðsdóttir, nemi í iðjupjálfun, er í verklegri þjálfun hjá okkur fram að áramótum. Við vonumst eftir að fá fleiri iðjupjálfa eða réttara sagt eru við "desperat" eftir fleirum, því verkefin liggja og bíða og herbergin hröpa eftir meiri notkun, því við komumst ekki yfir þetta allt svona fáar. Okkur finnst þetta spennandi staður að vinna á og mikið í deglunni bæði hér og annarsstaðar í húsinu. Okkur finnst við vera duglegar og sækjum stöðugt á og allir sem áhuga hafa á geðiðjupjálfun ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hér. Það skafi tekið fram að flest öll taki eru kominn.

Við hlökkum til að fá fleiri í samstarf við okkur, Elín Ebba
Silviane
Kristjana.

FRÉTTIR FRÁ LANDSPÍTALANUM:

Annika lætur af störfum 15. des. og fer til Svíþjóðar.
Breskur iðjupjálfi byrjar þar 10. jan.

Einng portúgalskur iðjupjálfi var ráðinn í Heilsuráktina í Glæsibæ í þrjá mánuði. Hugmyndin var að hann kæmi á iðjupjálfunarprogrammi fyrir aldraða. Er hann að kenna þörfina á slíku.

FRÉTTIR FRÁ ÖLDRUNARDEILDINNÍ Í HÁTÚNI:

Iðjupjálfi frá Nýja Sjálandi mun hefja starf þar í byrjun des.

GRILLPARTÝ I.Í var haldið í sumar hjá Guðrúnu Pálmadóttur. Mikið og gott kjöt var grillað og steiktar "marshmallows" í eftirrétt. Margir nýliðar og nemar máttu ásamt eldri félögum.

Í HAUST voru stofnaðir nokkrir áhugahópar innan félagsins. Meðal annars um handskaða og spælkugerð og geðiðjupjálfun.

OPÍÐ BRÉF FRÁ SIGGU LOFTS.

Hrísey 16/11 '82

Kæru kollegar.

Þá er ég sest að næstum því norður við Íshaf og náttúran hamast við að sýna okkur sínar bestu og verstu hliðar. Fram að síðustu helgi var hér einmuna blíða, en nú er veturinn líklega loksins kominn.

Ég geng hér um og hræri í pottunum, mála svolítið og sparsla og annað þessháttar, eins og hver önnur heimagangandi húsmóðir - óneitanlega er það ný reynsla, en ekki svo galin, þrátt fyrir allt.

Ekki hef ég þó alveg gleymt öllu sem heitir iðjubjálfun, enda ekki fengið frið til þess. Fyrir nokkru talaði ég við Þóru Ákadóttur hjúkrunarforstjóra á heilsugæslustöðinni á Dalvík um hlutastöðu iðjubjálfa við stöðina. Sendi ég henni síðan bæklingana okkar og mínar hugmyndir um hvernig ég gæti starfað við stöðina. Hún ætlar svo að hafa samband við mig seinna.

Forstöðumaður Dvalarheimilisins Dalbæ á Dalvík, Gunnar Bergmann, kom og talaði við mig um hvort ég vildi vinna á Dvalarheimilinu. Ég fór og skoðaði staðinn og leist bara nokkuð vel; á, hann er ca. þriggja ára gamall og þar á að opna seinna í vetur pláss fyrir dagvistun. Ég sótti þar um ca. 60% vinnu til að byrja með, og fór fram á að fá að vera með í að innrétta plássioð fyrir dagvistunina og lét hann mig hafa teikningar af því.

Guðrún Dóra, hjúkrunarforstjóri á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði hringdi í mig og vildi fá mig þangað í ca. eina viku til að gera tillögur til úrbóta fyrir langlegusjúklinga þeirra, t.d. í sambandi við afþreyingu, ADL, hjálpartaki o.fl. Ég taldi mig ekki hafa tíma í þetta, en benti henni á að tala við félagioð okkar.

Hjúkrunarforstjórinn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hringdi í mig í síðustu viku og vildi vita hvort ég hefði áhuga á að vinna þar, en ég sagði það ekki vera í bili a.m.k. ég myndi þá hafa samband við hana seinna. En svo það hún mig líka um, að halda fyrirlestur, um iðjubjálfun fyrir sjúklinga með hemiplegi, á námskeiði fyrir starfsfólk þ.25. nóv., það verður víst tveggja tíma törn.

Einnig hef ég aðeins viðrað hugmyndir við kaupfélagsstjóran herna um námskeið í rétttri líkamsbeitingu og starfsstillingum á vegum kaupfélagsins, en þá er starfsfólk frystihússins einnig með. Hann tók því ekki fjarri, án þess þó að vita alminnilega út á hvað það gengur. Ég ætla að hitta hann bráðlega og ræða þetta betur.

Í rauninni hafa skeð heil ósköp, faglega séð, á ekki lengri tíma, á einum mánuði. Ef þessu heldur áfram, sé ég ekki annað en ég fái nóg að gera, og óneitanlega er það þægileg tilfinning, að einhver hafi not fyrir mann.

Ég hef þetta ekki lengra núna, en sendi öllum í félaginu kærar kveðjur. Eins og allir vita, er Hrísey alveg (næstum því) í þjóðbráut, og ef einhver á leið fram hjá án þess að koma við, á sa hinn sami á hættu að ég móðgist storlega.

Velkomin í Hrísey.
Sæl að sinni.

Sigga Loft.
Sigga Lofts.

Ný þjónusta: Iðjupjálfi tekur til starfa í Hjálpartækjabankanum:

Þ.8.9 1982 tók ég til starfa í Hjálpartækjabankanum. Eg er ráðin í 20 tíma á viku og 6 mánaða reynslutími.

Starf mitt er að leiðbeina og ráðleggja fólki, sem kemur í Hjálpartækjabankann, við val á hjálpartækjum. Einnig fer ég í heimilisathuganir. Lænum mun verða send bréf um þessa þjónustu Hjálpartækjabankans.

Þ. 20.9 fórum við Björgúlfur Andrésson, sem er forstöðumaður HTB, á fund Björns Ónundarsonar Tryggingaryfirlæknis. Fórum við til að kynna honum starf mitt, og tók hann því vel. Í sama mánuði vorum við boðuð á fund Borgarlæknis með framkvæmdarstj. heimahjúkrunar og aðstoðar tryggingaryfirlækni. Tilgangur fundarins var að ræða endurnotkun hjálpartækja. Eins og er, er ekki skilaskylda á öllum hjálpartækjum. Við vorum öll sammála um að það ætti að vera skilaskylda á því sem hægt er að endurnota og T.R. greiði Best væri að viðkomandi undirritaði við móttöku hjálpartækisins og að hann skilaði tækinu, þegar hann þyrfti ekki lengur á því að halda.

Hjálpartækjabankinn annast viðgerðir á Ortopediu hjólastólum, einnig er heimsendingarþjónusta.

Hjálpartækjabankinn hefur til stómvörur og einnota bleyjur. Edda Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur starfar í Hjálpartækjabankanum 1 x í viku, á mánudögum frá 15-17, og aðstoðar stómasjúklinga.

Við þöntum flest öll hjálpartæki erlendis frá og þess vegna getur verið biðtími, þar til viðkomandi fær tækið, ef það er ekki til á lager.

Við höfum samvinnu við Þóri B. Guðjónsson í sambandi við breytingar og sérsmiðar á hjálpartækjum og lyftum. Einnig er samvinna við Sigurð Eiríksson trésmið. Ætlunin er að geðdeild Landsspítalans hefji framleiðslu á einföldum hjálpartækjum.

Hjálpartækjabankinn á rafknúin rúm með lyftu, sem einungis eru lánuð út í samráði við heimahjúkrun í Rvk. Hins vegar eru til 70 rúm, sem eru 50 cm há og eru lánuð út, til þeirra sem þess þurfa.

Iðjupjálfar þið eruð alltaf velkomnar í Hjálpartækjabankann.

Guðrún Hafsteinsdóttir, iðjupjálfi.

TAKIÐ EFTIR:

Hinn langþráði kynningarbæklingur um iðjupjálfun, sem ætlaður er fyrir heilbrigðisstéttir er kominn út. Hann var í vinnslu í 4 ár og var endurskoðaður 12 sinnum. Útkoman er alveg frábær! Lesið hann strax.

Félagsstarfsemin.

Aðalfundur.

Aðalfundur Iðjupjálfafélagsins var haldinn 24. mars 1982. Stjórnarkosningar fóru fram, Kristjana Fenger og Ingibjörg S. Asgeirsdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Í stjórn voru kosnir :

Hope Knútsson formaður
Margrét Sigurðardóttir stjórnarmeðlimur
Ingibjörg Pétursdóttir " "
Sigríður Jónsdóttir " "
Snæfríður Egilsson varamaður.

Nefndir.

Eftirtalдар nefndir eru starfandi innan félagsins:

Trygginganefnd: Kristjana Fenger
Elín Ebba Ásmundsdóttir
Ingibjörg Asgeirsdóttir

Launanefnd: Sigríður Jónsdóttir
Snæfríður Egilsson
Björk Pálsdóttir

Skólanefnd: Ingibjörg S. Asgeirsdóttir
Rannveig Baldursdóttir.

Fréttablaðsnefnd: Hope Knútsson
Kátla Kristvinsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir

STAÐA Í SAMNINGUM MILLI TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS OG IÐJUPJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS

Fundur haldinn 24/11'82. Í þetta skipti var fundurinn boðaður með 10 daga fyrirvara - vei! vei! - mikil framför frá því sem áður var.

Samninganefnd okkar hefur verið stokkuð upp, því Guðrún Árnadóttir er farin til Kanada og Sígga Lofts til Hríseyjar. Eftir situr Kristjana Fenger, Ingibjörg S. Asgeirsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir eru nú búnar að hella sér út í baráttuna með henni.

Síðasti fundur var haldinn í febrúar'82 og eftir þann fund sendum við heilmikið af gögnum, (þeir hljóta að vera komnir með þykka möppu um okkur og starfið) sem gengið var út frá núna.

Gögnin fjölluðu um: 1) Göngudeildarþjónustu
2) Meðferð í heimahúsum
3) Meðferð á stofum.

Þeir sögðust nú vita mun betur hvað iðjupjálfun felur í sér (þó það nú væri.). Þeir vilja semja beint við stofnanir um greiðslu göngudeildarþjónustu. Þeir vilja semja við OKKUR um meðferð í heimahúsi. Ekki kom til tals meðferð á stofu.

Andinn var jákvæður á fundinum. Næsti fundur verður haldinn um leið og við höfum sent þeim enn eitt plaggið um ca. tíma á hverja meðferðartegund og ca. fjöldi meðferða.

Launamál

I launanefnd Iðjubjálfafélagsins eru Sigríður Jónsdóttir
Snæfríður Egilsson og
Björk Pálsdóttir.

Þær unnu ótullega fyrir síðustu samningagerð hjá BSRB. Eins og flestir sjálfsagt vita hækkuðu byrjunarlaun iðjubjálfa úr 15. flokki í 16. og deildariðjubjálfi komst á blað og verður sá í 18. launaflokki.

Nú hefur loksins staða yfiriðjubjálfa verið viðurkennd hjá Reykjavíkurborg og deildariðjubjálfinn heldur auðvitað velli þar.

Næsta mál á dagskrá er að kanna hvað gera þarf til að sækja um inngöngu í BHM, meðal annars til að geta miðað okkur við sjúkrarbjálfarana. Þetta þarf að taka til athugunar á næsta ári.

Skólamál

Allir eru sammála um að við séum of fámenn stétt og of fáir kennslustaðir hérlandis til að tímabært sé að stofna námsbraut við Háskólann í iðjubjálfun. Skólanefnd mun starfa áfram og umræða um skólamál er nauðsynleg á hverju ári.

I skólanefnd félagsins eru: Ingibjörg Ásgeirsdóttir og
Rannveig Baldursdóttir.

Fleiri meðlimir óskast.

LAUSAR STÖÐUR

BORGARSPÍTALINN

- 1 - Grensásdeild
- 2 - B-álma Bsp. (öldrunardeildir - fyrirhuguð opnun í byrjun árs '83)
- 1 - Hvíta Bandið (hjúkrunardeild)
- 2 - Geðdeild Bsp.
- 1 - Arnarholt
- 1 - Dagdeild Bsp., Eiríksgötu

LANDSSPÍTALINN

- 2½ - Geðdeild

KLEPPSSPÍTALINN

- 5 - þar af 1 staða á dagdeild, sem tók til starfa í haust

- 1 - KÓPAVOGSHÆLI

- I(70%) - DROPLAUGARSTAÐIR (nýtt elli-og hjúkrunarheimili v/Snorrabraut)

- 1(70%) - SUNNUHLÍÐ (nýtt elli-og hjúkrunarheimili í Kópavogi)

- 1 - FÉLAGSMÁLASTOFNUN Reykjavíkurborgar

- 2 - GIGTARSTÖÐIN, Ármúla 5 (fyrirhuguð opnun í byrjun árs '83)

- 1 - FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ, Akureyri

Auk þess hafa eftirtaldar stofnanir sýnt áhuga á, að fá iðjubjálfa til starfa:

ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI

MÚLALUNDUR (verndaður vinnustaður)

VÍFILSTAÐASPÍTALI

Tilkynningar til félagsmanna.

Nýjar bækur:

Ledskydd och Rehabilitering: Merete Brattström.
Ortosbehandling för händer: Erik Moberg, Birgit Svens. m.f.
Kris och utveckling: Johan Gullberg.
Normala och utvecklingshämmande barns motoriska utveckling: Britta Holle.
Læse / skrive parat? : Britta Holle.
Samtal inför döden? Elisabeth Kübler-Ross.
Fumlere-Tumlere og idræt: Bogforlaget DUO ApS.
Apoplexipatienten: Johnstone, Margaret.
Opdragelse, familie og arbejde: Vibeke Gøtzsche.
Du och ditt arbeid: Margit Eklundh, Kerstin Lundblad.
Neuropsykologi, klinisk praksis: Anne-Lise Christensen.
Hemiplegi - introduktion till rörelsesbehandling: Signe Brunnstr. m.f.

*Bókasafn I.I
er til húsa á
Geðdeild Lsp.*

Auk þess eru nýkomnar 5 kassettur um Sensory Integration (á ensku) og skuggamyndir (slides) ásamt kassettu, það er almenn kynning á iðjupjálfun einnig á ensku.

SORGARSAGA UM GJALÐÞROT

Vegna útkomu kynningarbæklingsins fjóluþlúa, sem varð fjórum sinnum dýrari en áætlað var fyrst, rambar félagið nú á barmi gjaldþrots.

Á síðasta félagsfundi, hinn 23/11 var samþykkt að allir íslenskir iðjupjálfar, sem starfa á landinu, greiði aukagjald kr. 100, til að félagið eigi fyrir frimerkjum, giróseðlum og síðast en ekki síst að Blað-IÐ geti séð dagsins ljós.

ORÐSENDING TIL FÉLAGSMANNA ERLENDIS

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar erlendis, en þeir eru nú meirihluti félagsmanna. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna félaginu breytt heimilisfang, eða leiðrétta það, ef það er rangt með farið í blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

Alltaf er vel þegið að heyra frá ykkur, ef þið hafið eitthvað nýtt og spennandi að segja, eða ef þið viljið spyrja um e-ð.

Til aukins hagræðis fyrir báða aðila verður félagsgjaldið nú innheimt árlega í stað tvisvar á ári eins og verið hefur.

Vonast stjórnin til að þið verðið snör í snúningum og greiðið skilvíslega. Oft er þörf en nú er nauðsyn !!!!!

Iðjupjálfafélag Íslands
Pósthólf 72
101 Reykjavík.

ÍÐJUBJÁLFAFAR Á ÍSLANDI 1. NÓV. 1982:

<u>Grensásdeild Borgarspítalans</u>	Sími 85177 / 38	
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	Skólabraut 53 170 Seltjarnarnes	s. 13387
Björk Pálsdóttir	Krummahólar 2, 6 E 109 Reykjavík	s. 75170
Valrós Sigurbjörnsdóttir	Tómasarhaga 34 107 Reykjavík	s. 13738
<u>Kleppsspítalinn</u>	Sími 38160 / 48-49	
Jóna Kristófersdóttir	Kleppsvegi 120 104 Reykjavík	s. 34227
<u>Landspítalinn</u>	Sími 29000	
<u>Endurhæfingardeild:</u>	/ 669	
Annika Tingstedt		
<u>Geðdeild:</u>	/ 651-652	
Elín Ebba Ásmundsdóttir	Samtún 36 105 Reykjavík	s. 28548
Kristjana Fenger	Barmahlíð 50 105 Reykjavík	s. 29715
Sylviane Lecoultre	Marargata 4 101 Reykjavík	s. 28594
<u>Vinnuheimilið að Reykjalundi</u>	Sími 66200 / 192	
Ingibjörg Pétursdóttir	Hverfisgötu 41 101 Reykjavík	s. 20028
Guórún Emilsdóttir	Digranesvegi 34 200 Kópavogi	s. 41347
Katla Kristvinsdóttir	Hvassaleiti 22 108 Reykjavík	s. 85113
Margrét Sigurðardóttir	Njörvasundi 24 104 Reykjavík	s. 39288
Rannveig Baldursdóttir	Markholt 3 270 Varmá	s. 66159
<u>Hjálpartækjabankinn</u>	Sími 21333	
Guðrún Hafsteinsdóttir	Engjasel 33 109 Reykjavík	s. 79014
<u>Hlíðaskóli</u>	Sími 25080	
Snæfríður Þ. Egilsson	Laugateig 30 105 Reykjavík	s. 32735
<u>Æfingastöð styrktarfélags lamaðra og fatlaðra Háaleitisbr.</u>	Sími 84999	
Marianne Jørgensen	Karlagata 14	
Anne Christensen	105 Reykjavík	s.

IDJUPJÁLFAR Á ÍSLANDI 1. NÓV. 1982:

Sjúkrahús Akraness	Sími 2311	
Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgötu 78	s. 2723
Ekki fastráðnir:		
Hope Knútsson	Æsufell 4, 2 F 109 Reykjavík	s. 73734
Sigríður Jónsdóttir	Langholtsvegur 192 104 Reykjavík	s. 35229
Sigríður Loftsdóttir	Austurveg 9 630 Hrísey	s. 96-61729
Kristín Tómasdóttir	Hrafnagilsstræti 22 600 Akureyri	s.

ÍSLENSKIR IDJUPJÁLFAR ERLENDIS:

Viðar Óskarsson	Vigerslevvej 64 2500 Valby Danmark.
Sigríður Þorvaldsdóttir	Flemmings Allé 12 5250 Odense SV Danmark.
Anne Grethe Hansen	Asylvej 42 8240 Risskov Danmark.
Kolbrún Ragnarsdóttir	Ryesgade 31 B, st.t.v. 2200 København N Danmark.
Jóhanna Erla Eiríksdóttir	Ålborggade 27, 3. t.v. 2100 København Ø Danmark.
Guðrún Pálmadóttir	500 W. Prospect, Apt. 9 F North Aggie Village Fort Collins CO 80526 USA.
Guðrún Árnadóttir	4-390, Sherbrook st. Winnipeg, Manitoba R3B 2W5 CANADA.
Jóhanna Ingólfsdóttir	Rum 716 Postbox 608 751-25 Uppsala 1

IDJUPJÁLFANEMAR:

lýktur námi:

Mars 83	Guðrún Ársælsdóttir	Skolen for ergoterapeuter Box 1064, 7500 Holsterbro Danmark.
Apríl 84	Hildur Þráinsdóttir	" " "

IDJUPJALFANEMAR:

lýkur námi:

Apríl 85	Bára Sigurðardóttir	Rendsborggade 3, vær. 73 7500 Holsterbro Danmark.
Júní 84	Sigrún Garðarsdóttir	Elmelundsvej 4, lej. 3509 5200 Odense V Danmark.
Apríl 85	Þóra Gestsdóttir	Dalslandsgade 8, M-311 2300 København S Danmark.
?	Sigríður Jónsdóttir	Nørre Allé 19 B, 4/94 2200 København N Danmark.
Des. 82	Ingibjörg Jónsdóttir	Stjærdalsvej 9 B 7000 Trondheim Norge.
85	Ólöf Elfa Leifsdóttir	8-A 200 Kringsjå Studentby Oslo 8 Norge.
83	Hallfríður Bjarnadóttir	TL 118 7035 Moholt Studentby Trondheim Norge.
Jan 85	Bjargey Ingólfssdóttir	Elvegaten 15 B 7000 Trondheim Norge.
Jan 84	Elísabet Vernharðsdóttir	Wallenbergsgatan 4 C IV 412 59 Göteborg Sverige.
Júní 84	Unnur Alfreðsdóttir	Sandspåret 29 424 31 Angered Sverige.
Jan 83	Anna Sveinbjörnsdóttir	Dr. Forseliusg. 40 - 327 413 26 Göteborg Sverige.
85	Hrafnhildur Arnkelssdóttir	Studiegången 3- 416-81 Göteborg Sverige.
?	Hrefna Óskarsdóttir	Hohlweg 24, 43 Essen 1 W-Germany.
?	Helga Óskarsdóttir	6 West-Viewgarden East-Greenstead Sussex England.
?	Elsa Ingimarsdóttir	Trailridge 2500 W 6th # 106 Lawrence Kansas 66044.
?	Lilja Ingvarsson	221-2 Princeton Avenue Eggertsville NY 14226 USA.
86	Guðrún Guðfinnsdóttir	Rm. 1618 Roads Hall 710 West Franklin Street Richmond Virginia 23284 USA.

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK



Önnumst útvegum
hverskonar hjálpar-
og endurhæfingartækja
Einnig útlán
hjálpartækja

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK

